

2. febrúar 1973.

973

Nr. 424.

TILKYNNING

um skipun verðlagsnefndar.

• Samkvæmt lögum nr. 106 frá 31. desember 1972 um breyting á lögum nr. 54 frá 14. júní 1960 um verðlagsmál, hefur viðskiptaráðherra í janúar 1973 skipað eftirtalda menn í verðlagsnefnd og gildir skipun þeirra ótímabundið:

Samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands: Björn Jónsson, forseta ASÍ, Snorra Jónsson, varaforseta ASÍ og Jón Sigurðsson, formann Sjómannasambands Íslands.

Samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja: Einar Ólafsson, útsölustjóra.

Samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands: Einar Árnason, fulltrúa og Hauk Björnsson, framkvæmdastjóra.

Samkvæmt tilnefningu Verslunarráðs Íslands: Svein Snorrason, hæstaréttarlögmann.

Samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga: Stefán Jónsson, framkvæmdastjóra.

Formaður nefndarinnar er Björgvin Guðmundsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu, skipaður án tilnefningar.

Viðskiptaráðuneytið, 2. febrúar 1973.

F. h. r.

Þórhallur Ásgeirsson.

Gylfi Knudsen.

Nr. 425.

HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Forseti Íslands sæmdi eftirtalda menn heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu árið 1973.

I. ÍSLENDINGAR

1. janúar:

Freysteinn Gunnarsson, fv. skólastjóri, stórriddarakross.

Ragnar Jónsson, forstjóri, stórriddarakross.

Jón H. Bergs, forstjóri, riddarakross.

Jón Sigurðsson, form. Sjómannasambands Íslands, riddarakross.

María Pétursdóttir, skólastjóri, riddarakross.

Ólafur Björnsson, prófessor, riddarakross.

Séra Sigurður Ó. Lárusson, fv. prófastur, riddarakross.

Sigurjón Ólafsson, myndhöggvari, riddarakross.

Sólveig Benediktsdóttir Sövik, kennari, riddarakross.

Steinþór Þórðarson, bóndi, Hala, riddarakross.

B 123